

Grønnegata 53
9008 Tromsø
Norway

6-Sep-24

Kæru samstarfsaðilar,

AECO hefur samband við hagsmunaaðila sem gætu orðið fyrir áhrifum af afnámi tollfrelsis fyrir skemmtiferðaskip frá og með 1. janúar 2025.

Bakgrunnur

Fyrir rúmum áratug innleiddu íslensk yfirvöld tollfrelsi fyrir skemmtiferðaskip, skráð erlendis, í innanlandssiglingum, í allt að fjóra mánuði á hverju tólf mánaða tímabili. Þetta var hvataaðgerð af hálfu yfirvalda til þess að auka farþegaskipti (turnarounds), dreifa skipunum á fleiri hafnir og halda þeim lengur á Íslandi. Þessi hvati virkaði vel og nú sigla meðlimir AECO til 31 hafna og 8 landeiganda á Íslandi á tímabilinu maí til september. Með afnámi tollfrelsisins krefjast stjórnvöld þess að skipafélög greiði virðisaukaskatt, toll og áfengisgjald frá og með 1. janúar 2025 á siglingum sem eru innan íslenskrar lögsögu frá byrjun til enda („Iceland-only itineraries). Enn skortir þó nákvæmar upplýsingar um framkvæmd og innheimtu. Fyrir skipafélögin er hins vegar ljóst að stefnt er að innheimtu sem verður erfitt að framkvæma.

Þegar innleiðingu lagabreytingarinnar var frestað, um eitt ár, (nr 88/2005, þar sem 2. másl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott) var það vegna [nefndarálits meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar](#). Þar kom fram: „að þessu gættu leggur meiri hlutinn til breytingu þess efnis að gildistöku ákvæðisins verði frestað um eitt ár og beinir því til stjórnvalda að taka málið aftur til skoðunar í samráði við hagsmunaaðila. Þá sé brynt að fjárhagslegar afleiðingar verði metnar.“

Við teljum að ekki hafi verið lagt mat afleiðingar afnáms tollfrelsis en AECO og fleiri hagsmunaaðilar hafa eftir bestu getu reynt að miðla upplýsingum og benda á afleiðingar. Þetta mun hafa mikil áhrif á skipafélögin, en getur einnig haft veruleg áhrif á birgja á Íslandi og bæjarfélög sem hafa notið jákvæðra áhrifa af aukningu leiðangurssiglinga.

Það er mikilvægt að undirstrika að skipafélög geta náð tollfrelsi með því að bæta við skipakomu utan íslenskra lögsögu, t.d. á Færeyjum. Þau geta einnig valið að flytja skipin annað.

Afleiðingar fyrir leiðangurssiglingar á Íslandi

Afleiðingin gæti verið sú að margar þessara 31 hafna missi fjölda skipakoma.

Ferðirnar árið 2025 eru að mestu þegar seldar og skortur á upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum gerir það erfitt fyrir skipafélög að áætla kostnað og taka ákvarðanir. Margt er enn óljóst en alvarleiki málsins er slíkur að AECO hefur nú upplýst meðlimi sína um að þeir

þurfi að skipuleggja sig með tilliti til þessara breytinga frá árinu 2025. Þetta gæti leitt til þess að skipafélög muni reyna að bæta við stoppi í erlendum höfnum strax árið 2025, sem getur leitt til breytinga/afbókana á hafnarkomum á Íslandi.

Þetta er alls ekki þróun sem leiðangurskipafélög óska sér. Ísland er aðlaðandi áfangastaður og mörg fyrirtæki hafa á undanförunum árum byggt upp spennandi siglingaráætlanir á Íslandi. Einnig hafa mörg samstarfsverkefni við atvinnulífið og hagsmunaaðila í héraði verið sett á laggirnar.

Lausnir

Meðlimir AECO eru ekki andvígir því að leggja sitt af mörkum til Íslenska ríkisins með sköttum og gjöldum. Í þessu tilfelli verður hins vegar stjórnsýslu- og efnahagsbyrðin svo mikil að erfitt verður að standa undir núverandi starfsemi. Þar sem tillagan hefur einnig stórar afleiðingar fyrir íslenska stjórnsýslu en veitir litlar tekjur fyrir landið, höfum við lagt til að við vinnum með stjórnvöldum að finna aðrar lausnir en að afnema tollfrelsið. Dæmi um það gæti verið að innleiða heimsóknargjöld sem krefjast mun minni stjórnsýslu en gætu samt veitt verulegar tekjur.

Getur þú gert eitthvað?

Já. Ef hagsmunaaðilar vilja halda leiðangurssiglingum á Íslandi, getið þið reynt að hafa áhrif á þetta mál.

Hafið samband við aðra sem hafa hagsmuna að gæta í málinu. Hafnir eru mikilvægar hagsmunaaðilar sem kunna að vilja láta í sér heyra. Það gætu líka verið aðrar stofnanir, markaðsstofur, atvinnufélög o.fl. Ræðið við ykkar stjórnámálamenn og látið álit ykkar í ljós.

Hverju viljum við ná fram?

Við viljum tryggja að leiðangurskip geti haldið áfram að heimsækja þau bæjarfélög sem þess óska meðfram Íslandsströndinni. Við höfum beðið stjórnvöld sérstaklega um að:

1. Fresta innleiðingu (2026-2027) til að veita tíma fyrir fullt mat á afleiðingum og til að ferlið verði betur skilgreint.
2. Gefa skipafélögum, íslenskum birgjum, þjónustuaðilum og bæjarfélögum sem fá til sín leiðangursskip tíma til að aðlagast.
3. Skoða heildstæða skattlagningu á skemmtiferðaskipum, eins og hefur verið lagt til í nýju ferðamannastefnunni.

Endilega hafið samband við okkur ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi málið.



Frigg Jørgensen
Executive Director



Gyða Guðmundsdóttir
Head of Community Engagement